

Fundargerð starfsþróunarnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og þeirra stéttarfélaga innan BSRB og ASÍ sem samið hafa um starfsmat í kjarasamningum

Fundur starfsþróunarnefndar haldinn 18. mars 2019 að Borgartúni 30, Reykjavík kl. 13:00.

Mætt voru: Frá BSRB, Karl Þórsson. Frá ASÍ, Árni Steinar Stefánsson.

Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga Berglind Eva Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

1. Mat á námi starfsmanns leikskóla (Fundur 17. desember 2018)

Fyrir fundi liggur mat Enic/Naric á Íslandi um mat á námi starfsmanns leikskóla. Starfsmaður er með háskólapróf í uppeldis- og kennslufræðum. Beiðni um mat á menntun starfsmanns var tekið fyrir á fundi þann 17. desember 2018.

Starfsþróunarnefnd vísar málinu til viðkomandi sveitarfélags til frekari skoðunar.

2. Mat á námi sundlaugarvarðar (Fundur 11. febrúar 2019)

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Tækniskólanum. Starfsheiti er sundlaugarvörður.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 4% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.3 þar sem námið tengist ekki starfi viðkomandi.

3. Mat á námi launafulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á námi Launaskólans. Starfsheiti er launafulltrúi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á ekki rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1 þar sem námskeiðin ná ekki 150 kestim. lágmarki.

4. Mat á námi launafulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á námi Launaskólans. Starfsheiti er launafulltrúi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

5. Mat á námi launafulltrúa

Lögð fram beiðni um mat á námi Launaskólans. Starfsheiti er launafulltrúi.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að starfsmaður á rétt á 2% persónuálagi samkvæmt gr. 10.2.1.

6. Mat á námi verkamanns 1

Lögð fram beiðni um mat á námi úr Tækniskólanum. Starfsheiti er verkamaður 1.

Máli frestað og frekari upplýsinga aflað.

7. Mat á námi starfsmanns á heimili fyrir fatlað fólk

Lögð fram beiðni um mat á námi frá Háskóla Íslands. Starfsheiti er starfsmaður á heimili fyrir fatlað fólk og fær greidd 4% samkvæmt gr. 10.2.3.

Máli frestað og frekari upplýsinga aflað.

8. Mat á námi starfsmanns bæjarskrifstofu

Lögð fram beiðni um mat á námi í opinberri stjórnslu frá EHÍ.

Niðurstaða starfsþróunarnefndar er að gr. 10.2.1 eigi ekki við þar sem krafist er háskólamenntunar í starfi samkvæmt gr. 10.2.4.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:00.

Næsti fundur verður haldinn 8. apríl 2019 kl. 9:30.